

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

45. gr. samþykktarinnar orðast svo:
- A. Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
- Umhverfis- og framkvæmdaráð*. Kjósa skal sjö aðalfulltrúa og jafnmarga til vara. Ráðið annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfis-, framkvæmda- og hafnarmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Nefndin fer einnig með málefni vatnsveitu skv. 2. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, og náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Ráðið fer með verkefni hafnarstjórnar og ber stjórnunarlega ábyrgð á höfnum sveitarfélagsins í samræmi við hafnalög nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarhöfn nr. 981/2005, með síðari breytingum. Nefndin fjallar um landbúnaðarmál, ákveður fjallsskil o.þ.h.
  - Fjölskylduráð*. Kjósa skal sjö aðalfulltrúa og jafnmarga til vara. Ráðið annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslu-, æskulýðs-, íþróttá-, frístunda- og forvarnarmála. Fjölskylduráð fer með verkefni skólanefnda sbr. 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Enn fremur verkefni skv. bókasafnslögum nr. 150/2012. Nefndin annast stefnumótun í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsmálum. Nefndin skal stuðla að virku íþróttá- og æskulýðsstarfi og virkja félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin sinnir faglegu starfi þeirra málaflókka sem sveitarstjórn hefur með erindisbréfi falið henni að gera.
  - Menningar- og atvinnumálanefnd*. Kjósa skal sjö aðalfulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar í menningarmálum, atvinnumálum og ferðamálum. Hlutverk hennar er m.a. mörkun stefnu í menningar- og nýsköpunarmálum. Þá ber nefndin ábyrgð á nýsköpun í sveitarfélaginu og samskiptum við tengda aðila. Nefndinni ber að vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem sveitarstjórn setur.
  - Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Kjósa skal þrjú aðalfulltrúa og jafnmarga til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021.
- B. Önnur ráð og nefndir:
- Ungmennaráð*. Fimm fulltrúar og fimm til vara á aldrinum 14-25 ára.
- C. Tilnefningar í sameiginlegar nefndir, stjórnir og byggðasamlög:
- Kjörnir eftir samkomulagi um tilnefningu.
- Almannavarnanefnd*. Í samræmi við samkomulag um skipan sameiginlegrar almannavarnarnefndar í umdæmi lögreglunnar á Austurlandi situr sveitarstjóri í nefndinni sem fulltrúi sveitarfélagsins.
  - Heilbrigðisnefnd Austurlands*. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina samkvæmt. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  - Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands*. Í samræmi við samning um Skólaskrifstofu Austurlands er sveitarstjóri fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlagsins.
  - Landþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varafultrúar kjörnir samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. *Aðalfundur og haustþing Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)*. Aðal- og varafulltrúar kjörnir samkvæmt samþykktum SSA.
6. *Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga*: Einn fulltrúi og annar til vara samkvæmt samþykktum Héraðsskjalasafns Austfirðinga.
7. *Svæðisskipulagsnefnd Austurlands*: Tveir fulltrúar og tveir til vara.

D. Tilnefningar í staðbundnar stjórnir og nefndir:

1. Stjórn Minjasafnsins á Bustarfelli. Sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn.
2. Sláturfélag Vopnafjarðar. Einn fulltrúi kjörinn ásamt varamanni hans.
3. Stjórn Finnafjarðarhafnar slhf. (FFPA). Sveitarstjóri og oddviti eru fulltrúar sveitarfélagsins í stjórn.
4. Stjórn Þróunarfélags Finnafjarðar ehf. (FFPD). Sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn.

E. Verkefnabundnar nefndir:

1. Sveitarstjórn eða hreppsráð getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum eða til að vera ráðgefandi fyrir fastanefndir í málefnum tiltekinna hópa, s.s. ungmenna og aldraðra. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 11. júlí 2022.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hafdís Gísladóttir.*